

bæjarmálefna í Reykjavík, staðfest 1. ágúst 1902 og breytingar á henni 28. des. 1903 og 17. des. 1906. **146**
24. des.

Samþykkt þessi öðlast gildi 1. janúar 1909.

Þetta er hjermeð birt til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

I stjórnarráði Íslands, 24. des. 1908.

Í fjarveru ráðherra.

Kl. Jónsson.

Jón Hermannsson.

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir Gjafasjóð Álasundsbæjar, **147**
útgefin á venjulegan hátt að mandatum af ráðherra Íslands 30. nóvbr. 1908. 30. nóv.
Skipulagsskráin er þannig:

Skipulagsskrá

**fyrir styrktar- og verðlaunasjóð eldvarnarliðsins í Akureyrar-
kaupstað, er nefnist Gjafasjóður Álasundsbæjar.**

1. gr.

Stofnfje sjóðsins er gjöf frá bænum Álasundi í Norvegi. Upphæð stofnfjárnsins er 2600 krónur.

2. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða. Við höfuðstól sjóðsins skal árlega leggja $\frac{1}{5}$ hlut vaxtanna til þess er höfuðstóll hans er orðinn 10,000 krónur og eftir það $\frac{1}{10}$ hlut vaxtanna árlega.

3. gr.

Höfuðstól sjóðsins skal ávaxta í innlendum bankavaxtabrjefum eða á annan hátt, jafntryggilegan og lög mæla fyrir um ómyndugrafje.

147

30. nóv.

4. gr.

Tekjur sjóðsins eru vextir af höfuðstól, tillag úr bæjarsjóði Akureyrar og óvissar tekjur. Af tekjum sjóðsins öðrum en vöxtum, cfr. 2. gr., skal leggja $\frac{1}{5}$ hlut árlega við höfuðstólinn til þess, er hann er orðinn 10,000 krónur og eftir það $\frac{1}{10}$ hlut árlega.

5. gr.

Þær tekjur sjóðsins, er eigi leggjast við höfuðstól, renna í sjerstakan sjóð, er verja skal til að veita styrk og bæta þeim tjón, er fyrir slysum verða við skylduverk sín í þjónustu eldvarna og slökkviliðsins í kaupstaðnum svo og til styrktar ekkjum og börnum þeirra, er fyrir líftjóni kunna að verða við þessi störf sín eða út af þeim. Af tekjum sjóðsins má og veita verðlaun þeim, er sýnt hafa frábæran dugnað við eldsvoða eða á einhvern slíkan hátt starfað fram- ar öðrum að dugnaði.

6. gr.

Bæjarstjórn Akureyrar hefir á hendi stjórn sjóðsins og varðveitir eignir hans.

Bæjarstjórn Akureyrar tekur ályktun um fjárveitingar úr sjóðnum að fengnu áliti eldvarnarnefndar.

7. gr.

Bæjarstjórnin skal árlega semja reikning sjóðsins, er skal endurskoðaður og úrskurðaður jafnhliða reikningum kaudstaðarins.

Í bæjarstjórn Akureyrar, 27. okt. 1908.

Guðl. Guðmundsson. V. Knudsen. Guðm. Ólafsson. Stefán Stefánsson.
Fr. Kristjánsson. M. J. Kristjánsson. Jón Þ. Kristjánsson. Otto Tulinius.
Sigurður Hjörleifsson. Sigv. Þorsteinsson. Sveinn Sigurjónsson.